



## Viðsnúningur í kortaveltu

*Neysla Íslendinga jókst verulega milli ára í mars, eða um 24% innanlands, og dróst einungis saman um 2% erlendis. Samanlagt jókst kortavelta um 20% milli ára miðað við fast verðlag og gengi og er þetta í fyrsta sinn sem aukning mælist á heildarkortavelturni milli ára frá upphafi faraldursins.*

Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í mars.<sup>1</sup> Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 74 mö.kr. og jókst um 24% milli ára miðað við fast verðlag. Kortavelta Íslendinga erlendis nam alls 9 mö.kr. og dróst saman um 2% milli ára miðað við fast gengi. Samanlagt jókst kortavelta um 20% milli ára í mars miðað við fast gengi og fast verðlag sem er mikil breyting frá því sem verið hefur síðustu mánuði. Í febrúar mældist aukningin innanlands 5,6% og 45% samdráttur í neyslu erlendis frá.


### Neyslumeiri marsmánuður en fyrir tíð Covid-faraldursins

Það mátti búast við því að viðsnúningur á 12 mánaða þróun myndi mælast nokkur í mars þar sem nú er verið að bera saman tímabil þar sem takmarkanir á neyslu fólks vegna Covid-faraldursins voru við lýði bæði fyrir og eftir. Ef við berum tölur marsmánaðar í ár saman við marsmánuð 2019, þegar engin áhrif voru af Covid-faraldrinum, sést að kortavelta innanlands eykst um 15% miðað við fast verðlag en dregst saman um 44% erlendis miðað við fast gengi. Í heild mælist aukningin milli mars í ár samanborið við mars árið 2019 3% sem sýnir okkur að Íslendingar virðast bæta sér ágætlega upp þá neyslu sem hefði að öðrum kosti farið fram erlendis.

### Vöxtur í einkaneyslu framundan?


Á fyrsta ársfjórðungi mældist kortavelta Íslendinga alls 2% meiri en í fyrra, mæld á föstu verðlagi. Kortavelta innanlands jókst um 11% en dróst saman um 35% erlendis. Þetta er í fyrsta sinn síðan á fjórða ársfjórðungi árið 2019 sem aukning mælist milli ára í kortaveltu Íslendinga á stökum ársfjórðungi. Miðað við þetta má gera ráð fyrir því að við sjáum einnig lítils háttar aukningu í einkaneyslu milli ára á

### Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis frá upphaf Covid-19-faraldursins



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans


<sup>1</sup> Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



fjórðungnum en einkaneysla hefur fylgt þróun kortaveltu nokkuð náið frá því að faraldurinn hófst.

**Væntingar** landsmanna til atvinnu- og efnahagsástandsins eru önnur vísbending um að neysla verði kraftmeiri, en væntingar til næstu 6 mánaða hafa ekki mælst hærrí síðan 2003. Það hefur sýnt sig að einkaneysla fylgir oft þróun væntinga og gæti neysla því orðið kraftmeiri þegar líða tekur á árið og Íslendingar átt gott ferðasumar innanlands. Allt er þetta þó háð þeirri forsendu að áfram takist vel til við að ná böndum á veirufaraldrinum innanlands, frekari smit berist ekki inn í landið og vel takist til við bólusetningar.

## Einkaneysla og greiðslukortavelta



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.